

MANSAL, LÍKA Á ÍSLANDI?

Jóhann M. Hauksson

Að tæla unga stúlku til fjarlægs lands og neyða hana til að stunda vændi með ofbeldi og hótunum er hræðilegur glæpur. Á Íslandi sást nýlega dæmi þess, skv. fréttum, þegar nokkrir Litháar neyddu 19 ára stúlku til að stunda vændi með ofbeldi og hótunum og ætluðu að smygla henni hingað til að vera vændiskona.

Þetta virðist vera sú ímynd sem flestir hafa á mansali. Mansal er oft talið með meiriháttar glæpastarfsemi sem er líkt við fíkniefnasmygl, ólöglega vopnasölu og slíkt. Ástæðulítið er að ætla umfang mansals á Íslandi minna en annars staðar en þó hefur það verið lítið þekkt. Á þessu stóð til að ráða bót með rannsókn sem Rauði Kross Íslands lét vinna, og fól það verk Rannsóknastofu í Kvenna- og kynjafræðum. Rannsóknarskýrslan ber nafnið „Líka á Íslandi, rannsókn á eðli og umfangi mansals“, og er eftir Friðu Rós Valdimarsdóttur, í ritstjórn Irmu Erlingsdóttur.¹ Skýrslunni var tekið opnum örnum. Nægir að nefna það nýlegasta: Grein eftir Sólveigu Ólafsdóttur, sem segir niðurstöður rannsóknarinnar “sláandi, enda í fyrsta sinn sem teknar eru saman markvissar upplýsingar um eðli og umfang mansals héraendis. Tilviljun ein réð því að skömmu síðar komst upp um mansalsmál á Suðurnesjum sem tók af allan vafa um að slíkt tíðkaðist hér og væri hluti af skipulagðri glæpastarfsemi. Konur og karlar geta jafnt verið fórnarlömb mansals, en þó er munur á eðli þeirra mála eins og kemur fram í skýrslu Rauða krossins Mansal - líka á Íslandi. Konurnar eru nær undantekningalaust einnig fórnarlömb kynbundins ofbeldis, og lenda í

slæmum aðstæðum vegna kynferðis síns.”²

Því miður virðist hólið hafa verið ótímabært, því bæði líður skýrslan fyrir alvarlega aðferðafræðilega galla, og einnig er í henni fjallað um flókinn raunveruleika á undarlega einfaldan hátt.

SKILGREININGAR

Í upphafi skýrslunnar er viðfangsefnið skilgreint. Byrjað er að greina innflytjendur í löglega og ólöglega, sem raunar eru kallaðir „reglulegir“ og „óreglulegir“.³ Óreglulegum fólksflutningum er síðan skipt í tvennt. Annars vegar er „fólki smyglað milli landa og hins vegar er fólk selt mansali milli landa (og innan landa)“.(bls. 12)⁴ Smyglarar eru þeir sem koma fólki á áfangastað og fá borgað fyrir það. Þeir „auðvelda för yfir landamæri“.(bls. 12)⁵

Það sem einkennir mansal er hins vegar „þvingun og misnotkun í skjóli bágra aðstæðna einstaklings“.(bls. 12) Þetta getur átt við þó að „dvöl fórnarlambins [sé] fullkomlega lögleg“ svo framarlega sem brotið er á réttindum þess.(bls. 12) Það að brotið sé á réttindum einhvers virðist síðan vera að hann sé í „nauðungarvinnu sem felur í sér að brotið er á einstaklingi út frá lögum sem eiga að vernda hann sem

² Sólveig Ólafsdóttir: „Mansalsskýrslan mikilvæg í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi“, Morgunblaðið, 10. desember 2009.

³ „Talað er um ‚reglulega‘ (e. regular) og ‚óreglulega‘ (e. irregular) fólksflutninga... Hinir reglulegu eru... þar sem ekki er brotið gegn lögum landa né brotið á einstaklingum... Á hinn bóginn eru óreglulegir fólksflutningar þegar flutningur einstaklinga eða hópa stangast á við lög.“ bls. 12. Það er ekki skýrt í hverju það felist í skilgreiningunni hér að ofan að brotið sé „á einstaklingum“.

⁴ Ekki er minnst á þann möguleika að ólöglegir innflytjendur kunni að koma sér sjálfir á áfangastað, sem hlýtur að vera hugsanaleysi eða gleymka

⁵ Þar sem má sjá blaðsíðatal innan sviga í textanum, eins og hér, er vísað til viðkomandi blaðsíðu í mansalsskýrslunni.

¹ Mansalsskýrsla, sótt á vef Rauða kross Íslands, þann 5. desember 2009, kynnt sem „Fyrsta rannsókn á Íslandi um umfang og eðli mansals 01.09.2009.“, Slóðin: <http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/R edCross.woa/swdocument/1040637/mansals skyrsla.pdf?wosid=false>

Um mitt ár 2009 kom út rannsókn á mansali á Íslandi. Hún vakti nokkra athygli og álitid að um tímamótaverk væri að ræða – fyrsta rannsóknin á fyrirbærinu hér á Íslandi.

Ef grannt er skoðað kemur í ljós að skýrslan stendur alls ekki undir væntingum. Megin-ástæðurnar eru þrjár. Í fyrsta lagi eru skilgreiningar á hugtakinu ónákvæmar. Í annan stað notar höfundur sjálfur undarlega þær skilgreiningar sem hann hefur sjálfur sett á blað. Loks líður skýrslan fyrir túlkun höfundar á þeim dæmum um raunverulegt fólk, og sem hann álitur fórnarlömb mansals.

YFIRLIT

Skilgreiningar 3

Hverjir geta talist fórnarlömb mansals? 4

Brotinn réttur, hvaða réttur?

4

„Skilgreining“ 4

Niðurstöður skýrslunnar 5

Aðferðir 5

Samantekt úr dæmunum 11

Mansal eða ekki mansal 11

Fjöldi fórnarlamba 12

Fórnarlömb

kynlífsstarfsemi 12

Niðurstöður 12

Heimildaskrá 12

í

launþega. Mansal á við þegar einstaklingur gegnir starfi sem fellur ekki undir lög um launþega“.(bls. 13) Þetta getur, skv. höfundur skýrslunnar, einnig átt við um þá sem eru ekki innflytjendur: „...réttur almenns launþegar [getur] verið brotinn á marga vegu út frá misnotkun og þvingun sem fellur undir nauðungarvinnu en einnig talist mansal, það er að einstaklingur ætti að fá vernd og aðstoð sem fórnarlamb mansals.“(bls. 13)

Þetta er allt svolítið óljóst. Bæði er textinn ekki eins skýr og æskilegt væri, en einnig virðist höfundur komast í mótsögn við sjálfan sig.

Í skýrslunni er skilgreiningin á mansali upphaflega tvíþætt: 1) fólk er flutt ólöglega til annars lands, og 2) það er brotið á því. Síðan er sagt að fyrri hlutinn eigi í raun ekki við, því mansal geti átt við án þess að fólk sé flutt á milli landa. Og þar að auki getur hugtakið tekið til annarra en innflytjenda.

Þess vegna er það aðeins síðari hlutinn sem er notaður til að skilgreina mansal, „það er brotið á fólki“. Það að brotið sé á fólki þýðir að það nýtur ekki lagaverndar sem launþegar. Hvað þetta þýðir nákvæmlega er hins vegar ekki skýrt nánar.

HVERJIR GETA TALIST FÓRNARLÖMB MANSALS?

Það að hafa grundvallarskilgreiningar svo óljósar í fræðilegum texta er mjög slæmt. Þó er enn verra að höfundur skýrslunnar virðist sjálfur ruglast á þessu í vinnu sinni (eins og sjá má í dæmunum hér á eftir). Hann finnur fjölda tilfella um fórnarlömb mansals á Íslandi. Það eru allt innflytjendur, en enginn Íslendingur. Þó er víst að ef miðað er við skilgreiningunni á mansali sem tekur einungis til síðari hluta hennar – fólk sem nýtur ekki lagaverndar sem launþegar – þá mundi fjöldi Íslendinga teljast fórnarlömb mansals.⁶ Ástæða þess að höfundur telur sem fórnarlömb mansals aðeins til innflytjendur en ekki Íslendinga, sem þó búa við sömu aðstæður kemur hvergi í ljós.

Annað sem er óljóst, og lýtur að því sama er þegar sagt er að hægt sé að

brjóta á rétti almenns launþega þannig að það geti talist nauðungarvinna eða mansal, og að viðkomandi ættu að hljóta vernd og aðstoð eins og væru þeir fórnarlömb mansals: „Fórnarlamb mansals getur verið í nauðungarvinnu sem felur í sér að brotið er á einstaklingi út frá lögum sem eiga að vernda hann sem launþega. *Mansal á við þegar einstaklingur gegnir starfi sem fellur ekki undir lög um launþega.* Á hinn bóginn getur réttur almenns launþega verið brotinn á marga vegu út frá misnotkun og þvingun sem fellur undir nauðungarvinnu *en einnig talist mansal*, það er að einstaklingur ætti að fá vernd og aðstoð sem fórnarlamb mansals“ (bls. 13, það er ég sem nota skáletur).

Tvær túlkunir eru mögulegar. Sú fyrri að sumir verði fyrir órétti í heimalandi sínu og að það sé ekki frábrugðið því sem fórnarlömb mansals verði fyrir, en að það teljist samt ekki mansal. Ef þessi túlkun er rétt, þá er þetta aðeins almennt „snakk“ – „það er margt óréttlætið í heiminum“ – sem ekki kemur mansali beint við.

Síðari túlkunin er sú að það eigi að telja þetta fólk með sem fórnarlömb mansals. Það er jú sagt að það „ætti að fá vernd og aðstoð sem fórnarlamb mansals.“ (bls. 13) Þetta virðist vera túlkun höfundar, því sagt er að mansal eigi við þegar einstaklingur gegnir starfi sem fellur ekki undir lög um launþega. Hér virðist vera búið að skilgreina hugtakið svo vítt að það taki til margs. Þá er komið langt frá hugmyndinni um stúlkuna sem er neydd til að stunda vændi; mansal væri alltaf slæmt en langt frá því að vera sá hryllingur sem hugtakið vísar til í hugum flestra.

BROTINN RÉTTUR, HVÆÐA RÉTTUR?

Annar galli við skilgreininguna sem gefin er á mansali er að það er ekki skýrt hvers lags brot á fólki eru þess eðlis að viðkomandi teljist fórnarlömb mansals. Það er minnst á vinnulöggjöfina. Þó væri fáránlegt að tala um alla þá sem sú löggjöf er brotin á sem þolendur mansals. Sumir vinna á of lágum töxtum, aðrir fá laun sín greidd seint og illa, og þar fram eftir götunum, en þeir koma mansali vart við.

„SKILGREININGIN“

Í lok umfjöllunar um skilgreiningu mansals í skýrslunni stendur maður í

ansi lausu lofti. Það sem upphaflega var tiltölulega greinileg hugmynd í tveimur þáttum er nú orðið að mjög óljósum hugmyndum um að fórnarlömb mansals séu þeir sem brotið sé á að því er varðar vinnulöggjöfina, eða „lög um launþega“.

Það er ómögulegt að gera rannsókn með svona óljósa skilgreiningu að leiðarljósi – telja þá sem vinnulöggjöfin er brotin á og segja þá fórnarlömb mansals. Þess vegna er gripið til þess ráðs í skýrslunni að nota í raun aðra skilgreiningu á hugtakinu. Hún er ekki kölluð „skilgreining“ heldur „viðmið“.

„VIÐMIÐANIR“

Í skýrslunni er „stuðst við þá skilgreiningu sem nefnd er í aðgerðaáætlun [ríkisstjórnarinnar um mansal] og er samhljóða þeirri sem finna má í Palermóbókuninni“ (bls. 29)

- a) „*Verslun með fólk“ merkir það að útvega fólk, flytja það eða færa til, halda því eða taka við því í því skyni að notfæra sér það, og það er gert með hótunum, valdbeitingu eða annars konar nauðung, bottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun á yfirburðastöðu eða því að maður er öðrum háður, eða með greiðslu eða öðrum ávinningi veittum eða þegnum í því skyni að fá fram samþykki manns er hefur annan mann á valdi sínu. Það að notfæra sér fólk felur í sér, að lágmarki, hagnýtingu á vændi annarra eða kynferðislegri misnotkun, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælalaldi eða háttsemi áþekkri þrælalaldi, ánauð og brottnámi líffæra;*
- b) *samþykki þess sem sætir verslun með fólk við því að aðrir hyggist notfæra sér hann á þann hátt sem fjallað er um í a-lið þessarar greinar skiptir ekki máli, ef beitt hefur verið einhverjum þeim aðferðum sem í þeim lið greinir;*
- c) *litið skal svo á að það að útvega barn, flytja það eða færa til, hýsa það eða taka við því í því skyni að notfæra sér það, feli í sér „verslun með fólk“, jafnvel þótt ekki hafi verið beitt neinum þeim aðferðum sem tilgreindar eru í a-lið þessarar greinar;*

⁶ Nægir að minnast á þá sem stunda vændi, en þeir væru miklu fleiri.

d) „Barn“ merkir hverja þá manneskju sem ekki hefur náð átján ára aldri.⁷ (bls. 29)

Fyrsta atriði forsendnanna er illa orðað og óskýrt. Það virðist merkja að það eru tvær leiðir sem geta valdið því að manneskja verður fórnarlamb mansals. Í fyrsta lagi er sá fórnarlamb mansals sem er hótað, beittur valdi eða annarri nauðung, blekkur, eða ef einhver „misnotar yfirburðarstöðu“ eða því að hann er öðrum háður. Allt þetta til að „fá“ hann og misnota. Í öðru lagi er hægt að fá viðkomandi með því að greiða einhverjum öðrum sem hefur hann á valdi sínu og sem kemur viðkomandi þá í þær aðstæður að vera notaður (þá er hægt að greiða með peningum, eða veita „annan ávinning“).

Það er nokkuð ljóst hvað talað er um þegar sagt er að fólk sé neytt, blekkir eða því hótað. Hins vegar er örðugt að vita merkingu þess að „misnota yfirburðarstöðu“ eða því að vera „öðrum háður“. Það er ekki skýrt nánar.

Forsendurnar eru mjög góðar að því leyti að þær tilgreina nokkuð nákvæmlega þær aðstæður sem fólk verður að búa við til að geta talist fórnarlamb mansals: Einhver annar – sá sem er gerandinn í mansali – hagnast á því að það stundi vændi eða á kynferðislegri misnotkun á því⁸, nauðungarvinnu eða –þjónustu; eða að því sé haldið í þrælhaldi eða ánaud. Einnig telst það mansal ef gerandinn hagnast á því að selja líffæri úr fólkinu.

Annar liður forsendnanna er sérstaklega áhugaverður. Samkvæmt honum skiptir ekki máli hvort að viðkomandi vilji vera í þeim aðstæðum sem gera hann að fórnarlambi mansals eða ekki. Því væri jafn réttlætandi að tala um mansal í tveimur eftirfarandi dæmum. Í fyrsta lagi stúlkan sem nefnd var í upphafi greinarinnar, og sem er neydd til að fara til framandi lands til að stunda vændi. Í öðru lagi kona sem stunda vændi í Moldavíu. Hún gerir samning við einhvern um að hann komi henni til ríks lands, þar sem hún komi til með að borga honum fyrir ferðina. Hún getur ekki borgað honum

⁷ Þýðing er fengin úr *Aðgerðaáætlun gegn mansali* (félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

⁸ Gengið er út frá því í forsendunum að vændi sér kynferðisleg misnotkun.

fyrirfram, því hun lifir í fátækt, og skuldar honum því þangað til hún hefur greitt allt féð. Hann hagnast á henni. Hún stundar vændi.

Manni finnst grundvallarmunur á þessum tveimur dæmum, þar sem vilji fórnarlambanna er svo gjörólíkur. Raunar mætti halda því fram að „mansalið“ í síðara dæminu sé næsta saklaust þar sem allir hagnast. Smyglarinn græðir. Konan breytir ekki um starf en vinnur fyrir meiri peningum en áður. Síðan þegar hún hefur greitt skuld sína gengur betur efnahagslega en áður. Fyrri dæmið er um hroðalegan glæp. Í mansalsskýrslunni er ekki gerður greinarmunur á þessu tvennu.

Það athygliverðasta við „forsendurnar“ er þó að í upphafi er hugtak sem ætlunin er að vinna með skilgreint, eins og vera ber. Síðan er önnur skilgreining í raun notuð (og kölluð „forsendur“). Það er einkennileg fræðimennska. Fær mann til að hugsa um líffræðing sem segist ætla að telja hesta á bóndabæ. Í upphafi skilgreinir hann hesta á viðunandi, og viðurkenndan hátt: „Stór dýr með tagl og fax, éta gras og melta í einum maga, hafa hófa og ganga á fjórum fótum...“ Svo þegar á hólminn væri komið mundi hann breyta skilgreiningunni í „dýr sem gengur á fjórum fótum“. Síðan mundi hann telja hesta, kýr og kindur, og kynna niðurstöðurnar sem svo að fjöldi hesta væri sá sem hann hefði talið.

NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLUNNAR

Hér verður fjallað um niðurstöður skýrslunnar og þær aðferðir sem notaðar eru. Fyrst verður greint frá því hverjar þær eru, en síðan verður fjallað um þær með gagnrýnum augum.

AÐFERÐIR

Þær aðferðir sem notaðar voru til að komast að fjölda fórnarlamba mansals hér á landi eru þær að höfundur talaði við 19 einstaklinga. Það var leitast við að hafa þennan hóp „breiðan og fjölbreyttan þótt aðeins væri rétt við sérfræðinga“. (bls. 27) Þetta voru fulltrúar opinberra stofnana, ráðgjafar, lögfræðingar og starfsfólk ýmissa félaga. (bls. 5) Það eru ekki gefnar frekari upplýsingar um viðmælendur. Þeir voru valdir af höfundi og

„bakhópi“ sem var honum til ráðgjafar.⁹ Ennfremur er þess gætt að ekki sé hægt að rekja frásagnir viðmælenda til þeirra eða til þess fólks sem þeir sögðu frá (en þó án þess að breyta „sögu fólksins sem lýtur að stöðu þeirra sem fórnarlamba mansals“ (bls. 27)).

Þannig að í raun eru ekki gefnar upplýsingar um neinn. Eðlilegt er að breyta upplýsingum um viðfangsefnið, fórnarlömbin. Hins vegar er mjög einkennilegt að gefa ekki upplýsingar um viðmælendur; hver er það sem gefur upplýsingarnar? Ástæðan er sú að fólk er misáreiðanlegt. Bæði er félagsleg staða fólks mismunandi, og svo eru einstaklingar frábrugðnir hver öðrum. En í skýrslunni er ekki nóg með að lesandi fær engar upplýsingar um heimildarmann, heldur er tekið fram að traust væri borið til þeirra allra: „Sumir viðmælendur töldu sig ekki hafa neinu við rannsóknina að bæta en þekking þeirra og þær upplýsingar sem þeir gátu veitt reyndust undantekningalaust mjög gagnlegar“. (bls. 7)

Skemmst er frá því að segja að það eru gallar á niðurstöðum skýrslunnar. Til að sýna fram á þá er nauðsynlegt að skoða þau tilfelli um fórnarlömb mansals sem fundin eru í rannsókninni.

DÆMIN

Í skýrslunni er gefin „lýsing á nokkrum af þeim mansalstilfellum sem upp hafa komið á Íslandi. Til að setja hvert dæmi í samhengi við skilgreiningu á mansali... er tilgreint fyrir hvert dæmi á hvaða hátt brotið er gegn fórnarlambinu. Með því er betur hægt að skilgreina tegund brota og skilja eðli þeirra.“ (bls. 30) Í umfjölluninni hér á eftir eru langar tilvitnanir í skýrsluna. Það er nauðsynlegt að skilja ekkert eftir af þeim raunverulegu dæmum sem þar koma fyrir til að vera viss um að draga ekkert undan. Einnig er vísað beint í

⁹ Í „bakhópnum“ voru Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, Helga G. Halldórsdóttir, sviðsstjóri innanlandssviðs Rauða kross Íslands, Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotfræðingur, Irma Erlingsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, og Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Alþjóðá-húss. (bls. 5) Þess ber að geta að Irma Erlingsdóttir er ritstjóri skýrslunnar ásamt því að sitja í „bakhópnum“.

umfjöllun skýrsluhöfunda um hvert og eitt dæmi. Tilvísanirnar eru skáletraðar, og þá koma fyrst sögur frá heimildarmönnum, en síðan athuga-semdir skýrsluhöfundar.

1. Nektardansari

„[K]ona sem ég hef unnið fyrir [...] ólst upp í fátækt og var beint inn í það strax sem barni að dansa á svona nektarstöðum og eftir það var hennar líf fast í þessum heimi. Síðar eignaðist hún barn og til þess að geta átt peninga til að framfleyta því þá þurfti hún að vinna við þetta. Hún kynntist manni á nektardansstaðnum þar sem hún vann hér á Íslandi sem kvæðst vel stæður og lofaði að hjálpa henni meðal annars við að fá barnið sitt til Íslands, en hún skyldi það eftir í heimalandinu þegar hún fór hingað að vinna. Hún kom hingað fyrir milligöngu umboðsmanns í heimalandi sínu. Hún var lítið tilbúin til að segja mér hvernig viðmóti og aðbúnaði var háttað á staðnum sem hún vann á hérna, sagði bara að þetta væri eins alls staðar. Hún og maðurinn sem hún kynntist, giftust og eignuðust saman barn og fengu svo eldra barn konunnar til landsins. Fljótlega eftir það fór maðurinn að beita konuna ofbeldi og einnig eldra barn hennar. Það leiddi að lokum til skilnaðar og þá vildi maðurinn fá barn þeirra og þess vegna leitað hún til mín. Maðurinn hefur síðan stofnað til ágreinings- og dómsmála við hana vegna barnsins, endurtekið í mörg ár, ofsótt hana og alla sem aðstoða hana og beitt hana ofbeldi í fleiri tilvikum. [...] Fyrir mér þá átti hún engan valkost í heimalandi sínu og endar svo með að vera send til Íslands, í gegnum milliliði, til að vinna við þetta hér á landi.“

Skýrsluhöfundur ályktar:

Aðstæður konunnar í upprunalandi eru þannig að hún á ekki kost á atvinnu. Hún er fengin sem barn til að strippa sér til framfærslu og síðar til að vinna fyrir barni sínu. Milliliðir græða á því að færa hana milli landa og hafa fjárlagslegan ágóða af henni. Sem starfskona á strippstað naut hún ekki lögbundinna réttinda launafólks á Íslandi. Konan hefur minna frelsi eftir endurtekið ofbeldi og síðar ofsóknir. Eiginmaðurinn hótar henni og öðrum í kringum hana margsinnis. Þótt þrautarganga konunnar hafi verið mikil hér á landi vill hún þó frekar setjast hér

að en snúa aftur til upprunalandsins þar sem aðstæður þar bjóða ekki upp á að hún geti framfleytt sér og börnum sínum. (bls. 30-31)

Hér er tekið dæmi af „fórnlambí mansals“ þar sem virðist í raun aðeins vera sorgleg saga um leiðinleg endalok hjónabands og ofbeldi í því samhengi. Það er aðeins tvennt sem væri hægt að teygja í þá átt að teljast koma mansali við. Það fyrra er að hún dansar nakin sér til framfærslu. Samt er hún ekki neydd til að dansa á nektarstað. Þetta er það sem hún hefur alltaf gert, og maður getur ekki annað séð en hún kjósi að hafa ofan af fyrir sér á þennan hátt, þó hún „hafi þurft að vinna við þetta“.

Það síðara er að það er talað um að hún hafi komið hingað „fyrir milligöngu umboðsmanns“. Hins vegar er ekkert getið nánar um það hvers eðlis hann hafi verið. Raunar efar maður stórlega að um nokkuð ólöglegt hafi verið að ræða; hún kemur hingað frjáls og að eigin ósk, það er allt löglegt, hún þekkir Íslending sem vafalaust hefur hjálpað henni, og þar fram eftir götunum. Var „umboðsmaðurinn“ skrifstofa Aeroflot í heimabæ hennar, eða sendiráðið þar sem hún fékk stimpilinn í vegabréfið?

Það sem er talið fórnarlamb mansals virðist manni í raun aðeins sorgleg dæmi um hjónaband sem fer út í súginn, meðal annars vegna heimilisofbeldis. Konan hittir mann, verður ástfangin og kys að flytja til Íslands með honum. Hún vinnur fyrir sér á þann hátt sem hún kann best, strippar. Síðan fer hann að beita hana ofbeldi, þau skilja og úr verða forræðisdeilur um sameiginlegt barn. Hér er ekkert frábrugðið því sem gengur og gerist, því miður, meðal svo margra annarra, Íslendinga og útlendinga.

Það sem vekur athygli í umfjöllun skýrsluhöfunda er hversu gagnrýnslaust fjallað er um upplýsingarnar. „Hún er fengin sem barn til að strippa sér til framfærslu“ er sagt, þó að aldur hennar þegar hún byrjaði að vinna komi hvergi fram. Einnig er það einkennileg túlkun að segja „hún er fengin...“, eins og einhver annar hafi komið henni í strippið. Hvergi kemur fram að hún hafi ekki valið það sjálfviljug (á þann hátt sem fólk yfirleitt velur „sjálfviljugt“, bundið af þeim félagslegu aðstæðum sem það býr við; margur vinnur við

miður skemmtilegar aðstæður, eru þeir „fengnir til“ þess?). Heimildarmaðurinn segir raunar að henni hafi verið „beint inn í það“ að dansa nakin, en það er ekkert skýrt nánar. Er það á sama hátt og þegar fátækt „beindi“ Íslendingum inn í að vinna í kulda og vosbúð í fiski frá blautu barnsbeini hér áður?

2. Konur látnar stunda vændi af eiginmönum

„Ég hef fengið tvær konur til mín þar sem mennirnir hafa selt aðgang að þeim. Og það er auðvitað klárt mansal. Þær voru báðar frá fjarlægum löndum. Ég veit svo sem ekki hvort þær þekktu einhvern eða höfðu bakland hér á landi en mér þykir það ólíklegt. Önnur sagði mér frá [að eiginmaður hennar seldi aðgang að henni] vegna þess að hún var hrædd um að vera vísað úr landi. Maðurinn hennar hótaði að segja frá því að hún hefði verið í vændi. Hin var hrædd um að fá ekki forsjá barnsins síns af því maðurinn hennar sagði það sama við hana, að hún mundi ekki fá forsjá af því hún hefði verið í vændi. En það skiptir greinilega engu máli í þeirra huga að það voru þeir sem höfðu milligönguna og neyddu þær út í þetta.“

Skýrsluhöfundur:

Hér er lýsing á aðstæðum kvenna sem hafa svipaða sögu að segja. Þær leita sér báðar aðstoðar vegna óréttmætrar meðferðar hér á landi. Þær höfðu báðar búíð við bága stöðu í heimalandinu. Gerendurnir beita hótunum; hótta því m.a. að segja frá því að þær stundi vændi ef þær hagi sér ekki í samræmi við vilja þeirra. Gerendurnir halda röngum upplýsingum að konunum varðandi stöðu þeirra hér á landi og um lögmæti og afleiðingar vændis. Þær upplýsingar leiða til þess að konurnar upplifa sig fastar í aðstæðunum. Annars vegar segir gerandinn að fórnarlambinu verði vísað úr landi fyrir það eitt að vera í vændi. Hins vegar er annarri talið trú um að hún muni ekki halda forsjá barna sinna þar sem hún hafi verið í vændi. Konurnar voru neyddar til að taka þátt í vændi gegn vilja sínum og töldu sig fastar í aðstæðunum. Gerendurnir hagnast í báðum tilfellum á vændi kvennanna, m.ö.o. þeir hagnýta sér bága stöðu þeirra. Gerendurnir beittu blekkingum til að halda fórnarlömbunum í þeim aðstæðum sem þau voru komin í. (bls. 31)

Þessi tvö dæmi mundi maður freistast til að álíta að falli undir skilgreiningu um mansal þar sem hér er um misnotkun á konunum að ræða. Þær stunda vændi gegn eigin vilja og eiginmennirnir, melludólgarnir, nota sér vanþekkingu þeirra.

3. Slæm kjör

„Það var fyrirtæki sem flutti inn konur frá [ákveðnu landi]. Þær unnu allar við [ákveðna þjónustu] út um allan bæ. Fyrirtækið gaf sig út fyrir að vera starfsmannaleiga en var það ekki í rauninni og kallaði þetta útsenda vinnu frá [landinu] og þar af leiðandi borgaði það laun á töxtum sem giltu í því landi. Fyrirtækið sótti ekki um kennitölur fyrir konurnar. [...] Málið fór fyrir stéttarfélagin en ekki lengra þar sem atvinnurekandinn hætti. Þetta er Íslendingur en augljóslega með tengiliði í [landinu]. Þetta var ekkert útseld vinna heldur þjónusta sem var veitt hér á landi. Launin voru borguð út til eins aðila, eins konar yfirmanns, sem var með bankareikning og kennitölu sem greitt var inn á. Hann borgaði konunum svo eftir dúk og disk. Ekki var um ráðningarsamninga að ræða, þær voru eins og ég sagði ekki með kennitölu. Þegar reynt var að nálgast atvinnurekandann sagðist [hann] ekki kannast við þessar konur. Þess vegna var ekki möguleiki að fara með málið fyrir dómstóla. En hann hætti vegna þrýstings frá stéttarfélagum. Ég frétti nýlega að hann væri byrjaður aftur með samskonar rekstur.“

Skýrsluhöfundur:

Í þessu dæmi eru gerendur mansals bæði atvinnurekandinn hér á landi og milliliðir erlendis. Hagnýtingin er fjárhagslegs eðlis þar sem gerandinn heldur eftir stærstum hluta launanna og í krafti þekkingarleysis og bágrar stöðu þeirra getur gerandi haldið röngum upplýsingum að starfskonum sínum. Konurnar koma frá fátæku landi og líklegt að staða þeirra heima fyrir sé ekki sterk. Af þessum sökum hafa þær eflaust valið þann kost að koma til Íslands til að vinna fyrir mjög lágum laun. Gerandinn hunsar reglur um skráningu kvennanna og sækir ekki um atvinnuleyfi fyrir þær og standa þær því fyrir utan velferðakerfið í landinu. (bls. 32)

Þetta dæmi er sérlega athyglisvert vegna þess að það sýnir hversu mikið er búið að teygja hugtakið um mansal. Það virðist eiga við um þá sem fá laun borguð illa og seint, og sem standa fyrir utan velferðakerfið í landinu þar sem þeir vinna. Konurnar hér koma frjálssar og af eigin vilja hingað að vinna.

Hér er komið ansi langt frá þeirri hrottalegu ímynd um mansal sem nefnd var í upphafi þessa texta: Ung stúlka sem neydd er til fjarlægis lands til að stunda vændi. Þessi skelfilega mynd mansals er nokkuð sem allir hljóta að berjast á móti af öllum kröftum. Það sama á ekki við um þá merkingu hugtaksins sem kemur fram í því dæmi sem skýrsluhöfundur segja frá hér: Fólki sem kemur úr fátækt og vinnur við aðstæður sem eru betri en það sem gerist í heimalandinu (því annars mundi það vart koma). Enginn er neyddur til neins, ekki blekkingar og ekki hótanir (að því er kemur fram hjá heimildarmanni).

4. Sjá eiginmönnum fyrir kynlífi þegar þeir vilja

„Ég hef fengið til mín konur sem eiga að sjá eiginmönnum sínum fyrir kynlífi þegar þeir vilja, hvað svo sem konunum finnst. Ein átti alltaf að veita aðgang að sér og maðurinn beitti hana líka ofbeldi og hún þurfti að fara á spítala vegna slæmrar heilsu. Þar var henni sagt að hún mætti ekki, vegna ástands síns, hafa mök í tvær vikur. En um leið og hún kom heim þá heimtaði maðurinn að nú skyldu þau hafa mök og hún endaði aftur upp á spítala.“

Skýrsluhöfundur:

Í þessu dæmi er um konu að ræða sem er frá fjarlægju fátæku landi og aðstöðumunur því mikill milli hennar og gerandans. Ávinningur gerandans er óskertur aðgangur að mökum við einstakling og hagnýtingin því ekki fjárhagsleg heldur kynferðisleg. Um er að ræða misnotkun þar sem ætlast er til kynlífs hvenær sem er án samþykkis annars aðilans. Frelsisvipting fórnarlambins felst í líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi af hendi grandans sem nýtir sér veikindi fórnarlambins. Hún hafði ekki dvalið lengi í landinu þegar hún leitaði sér aðstodar og hafði því ekki fengið nein varanleg leyfi til dvalar eða atvinnu. Hún átti því ekki

kost á að afla sér fjár til framfærslu. (bls. 32-33)

Þetta virðist slæmt dæmi um heimilisofbeldi. Hins vegar sést hér aftur dæmi um það hvernig er búið að teygja hugtakið um mansal. Ef þetta er mansal, hvað þá um ámóta dæmi þar sem Íslendingar eiga í hlut? Því miður er heimilisofbeldi til, bæði hjá Íslendingum og útlendingum – og innflytjendum. Í skýrslunni virðist talað um mansal þar sem innflytjandi verður fyrir heimilisofbeldi en ekki minnst á það þegar Íslendingar verða fórnarlömb þess sama.

Í þessu tilfelli, og fleiri, virðist skýrslan fremur rannsókn á slæmum aðstæðum og kjörum innflytjenda á Íslandi en á mansali.

5. Heimilishjálpuð uppvartar party

„[É]g man að ein hafði samband við samlöndu sína sem síðan hafði samband áfram [til viðmælenda] og þá var niðurstaðan sú að hún hafði verið ráðin sem heimilishjálpuð og til að gæta barna. En síðan var hennar meginvinna að uppvarta party um helgar, hún var ræst út hvenær sem var sólarhringsins til að útbúa mat fyrir fólk. Hún náttúrulega skynjaði sig sjálfa, alveg klárlega, þannig að hún væri í haldi þessara einstaklinga, hefði ekkert annað að sækja og fannst að hún ætti engin réttindi annarsstaðar. Bara að hún væri ofurseld þessum kringumstæðum. [Hún var] ein á vinnustað inni á einhverju heimili þar sem náðin er náttúrulega alveg gífurleg; þar sem enginn, allavega svona formlega séð, fylgist með réttindum þínum. Og enginn sem þú getur leitað til eins og gildir almennt á vinnumarkaði um stéttarfélag eða hvað það nú er. Það er alveg ljóst að þetta umhverfi það felur í sér allskonar hættur umfram það sem gildir almennt. Við getum eiginlega bara orðað það þannig.“

Skýrsluhöfundur:

Kona flytur hingað til lands með leyfi til að vinna við heimilisstörf. Hún hefur aðeins samskipti við heimilisfólkið, og hefur ekkert annað félagslegt net í kringum sig. Í þessu dæmi er konan á valdi vinnuveitanda síns þar sem hann hefur útvegað henni dvalarleyfi. Hún hefur því ekki val um að komast úr aðstæðunum. Fátt er vitað um uppruna konunnar fyrir utan það að hún er frá

fátæku fjarlæggu ríki og aðstöðumunurinn því gífurlegur milli hennar og vinnuveitanda. Réttindi hennar eru brotin út frá vinnutíma og kjör hennar eru ekki samkvæmt íslenskum stöðlum. Þótt hún hafi náð að hafa samband við samlanda sinn þá var hún í litlum sem engum samskiptum við aðra en heimilisfólkið. Hún er því mjög einangruð sem eykur líkur á að hún sé ekki upplýst um möguleika sína og réttindi í landinu. (bls. 33)

Heimilishjálp sem er notuð til að þjónusta heimilismenn í partíum á öllum tímum sólarhrings: Mansal!

Vandamálið með þessa frásögn er að maður veit svo lítið... og samt eru dregnar svo miklar niðurstöður af henni. Í fyrsta lagi, er einhver að ýkja í sambandi við samkvæmishöldin, konan sjálf, vinkonan eða heimildarmaður? Það er sagt að hennar meginvinna hafi verið að uppvarta partý, en síðan er bætt við að það hafi verið um helgar. Maður gæti efast um að það væri orðið hennar „meginvinna“ að uppvarta ef það var aðeins um helgar, ef hún vann við heimilishjálp alla daga (hugsanlega líka um helgar)? Einnig er sagt að hún hafi verið „ræst út hvenær sem var sólarhrings til að útbúa mat“. Hversu oft var þetta? Nokkrum sinnum yfir hverja helgi? Einu sinni í mánuði? Fjórum sinnum á ári? Loks veit maður ekkert hvort hún hafi getað farið heim til sín, sloppið úr þessum aðstæðum, sem skiptir meginmáli. Eða hvort laun hafi verið eðlileg...

Það er bara fullyrt að hún hafi skynjað sig sjálfa, „alveg klárlega“, eins og hún hefði ekki getað leitað hjálpar. Og það virðist vera án þess að hún segði það sjálf – eða samlandan hefði það eftir henni. Raunar virðist ekkert vitað um konuna utan að hún kom frá hátæku ríki.

Samt fullyrðir skýrsluhöfundur að hún hafi ekki haft neitt „val um að komast úr aðstæðunum“, og að hún hafi „náð að hafa“ samband við samlanda sinn. Það minnsta sem hægt er að segja er að þetta er undarleg fræðimennska, að koma með svona fullyrðingar, að því er virðist út í bláinn.

6. Vændi á hótélherbergjum

Viðmælendur nefndu dæmi um að hingað komi konur sem selja vændi á hótélherbergjum. Þær virðist vera einar

á ferð en ekki sé útlokað að þeim sé fylgt. Þær staldri aðeins við í nokkra daga og séu keyptar af körlum á Íslandi sem vændiskonur. Á meðan á dvöl þeirra standi sé stöðugur straumur karlmanna inn og út af vistarverum þeirra. Þær séu hluti af erlendu neti sem gengur út á að senda konur milli landa til vændis, því megi ætla að ferð kvennanna hingað sé þáttur í lengra ferðalag.

Hér er ekki um einstakt tilvik að ræða heldur mynstur sem félagasamtök og lögregla í öðrum löndum þekkja og hafa haft afskipti af á grundvelli mansals. Hér á landi hafa aðilar haft afskipti af konum í álíka aðstöðu. Ætla má að þær séu margar hverjar fórnarlömb mansals. Þær eru oft fastar í alls kyns skuldaánaud við „vinnuveitendur“ sína – hérlandis sem erlendis og haldið í starfinu með hótunum og blekkingum. Ætla má að íslenskir aðilar hafi milligöngu um viðskiptin þar sem búíð er að skipuleggja að miklu leyti kúnnahópin við komu þeirra til landsins. Talið er að um a.m.k. tvo milliliði sé að ræða, hérlandis og erlendis. Það er brot á lögum ef hótél hýsa vændi samkvæmt 206. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér er um að ræða þaulskipulagða starfsemi og samkvæmt reynslu annarra ríkja eru margar konur í slíkri stöðu í ánaud þó að engin þeirra hafi beinlínis leitað sér aðstoðar hér á landi. (bls. 33-34)

Í sannleika sagt á maður erfitt með að trúa því að fræðimaður setji þann texta á blað sem hér er vitnað í. Fyrst er komið fram með upplýsingar um að höfundur hafi heyrt um dæmi þess að konur komi til að selja vændi á hótélherbergjum. Maður fær ekkert að vita um áreiðanleika þeirra upplýsinga, eða hversu algengt þetta ætti að vera. Síðan er bætt við að þær virðist vera einar á ferð en samt sé ekki útlokað að þeim sé fylgt! Og af þeim möguleika að þeim sé fylgt, þó það virðist ekkert vera raunin, er dregin sú ályktun að þeim sé ekki bara fylgt eftir, heldur gerðar út af glæpahringjum! Og að þær séu „margar hverjar“ fórnarlömb mansals, þar sem þær „eru oft fastar í alls kyns skuldaánaud við „vinnuveitendur“ sína“.

Það sem í upphafi eru mjög óljósar hugmyndir um vændi á hótélherbergjum er notað til að búa til heila

sögu, sem virðist ekki byggð á neinu öðru en ímyndunaraflí höfundar, um mansal, ofbeldi og djöfulskap.

7. Ættingi fékk ekki laun

„Kona frá landi utan Evrópu fékk atvinnuleyfi hérna í gegnum ættingja vegna fjölskyldusameiningar. Hann rak fyrirtæki hér í bæ. Ættinginn hélt laununum hennar, borgaði henni sama og engin laun og beitti hana ofbeldi. [...] Hún kemur frá mjög efnalítlu landi og ættingi hennar hér er eina skyldmenni hennar og því mikill skömm fyrir fjölskylduna ef hann sér ekki fyrir henni. Svo var hún líka komin á þann aldur að hún gat ekki framfleytt sér í heimalandinu. Ættinginn var með atvinnuleyfi hennar og samkvæmt lögum átti hún ekki rétt á að fá útgefð annað atvinnuleyfi þar sem hún hafði enga sérstaka menntun eða reynslu.“

Skýrsluhöfundur:

Hér er um að ræða aldraða manneskju sem skyndilega er í ólöglegri dvöl í landinu þegar henni er sagt upp en hefur enga leið til að framfleyta sér í heimalandi sínu. Vinnuveitandinn braut gegn henni sem launþega þar sem hann borgaði henni því sem næst engin laun fyrir vinnuna og greiddi engin önnur gjöld vegna hennar. Engin opinber eða formleg gögn lágu fyrir um fórnarlambið sem launþega og því gat hún ekki leitað réttar síns hjá neinum opinberum stofnunum með formlegum hætti. Hún stóð alfarið utan við íslenskt velferðarkerfi. (bls. 34)

Eins og svo víðar virðist þessi frásögn fremur dæmi um slæm kjör sumra innflytjenda á Íslandi en rannsókn á mansali. Hér koma líka fram samskonar mótsagnir og víðar í skýrslunni. Í athugasemd höfundar er sagt að konunni hafi verið sagt upp, og því hafi hún skyndilega verið í ólöglegri dvöl hér. Í frásögninni er sagt að hún hafi unnið hjá frænda sínum. Einnig segir skýrsluhöfundur að engin opinber eða formleg gögn hafi legið um hana sem launþega, en í frásögninni er talað um að hún hafi haft atvinnuleyfi.

8. Fyrrum eiginkona sonar misnotuð til að vinna við heimilisstörf

Viðmælandi sagði frá hjónum frá fjarlæggu landi sem búsett eru á Íslandi og fundu maka fyrir son sinn frá upprunalandinu. Konan flyst ung til

landsins og eignast með nýja eiginmanninum barn. Hjónabandið er samkomulag milli foreldranna. Eiginmaðurinn finnur sér síðar aðra konu hér á landi sem hann býr með en umrædd kona býr enn í húsi foreldra hans. Þegar hún leitaði sér aðstoðar hafði hún unnið fyrir fjölskyldu eiginmannsins um nokkurra ára skeið án þess að fá nokkur laun. Hún hefur nánast engin tengsl við annað fólk en ættingja eiginmannsins hér á landi og einangrunin því mikil. Staða hennar sem einstæðrar móður veldur því að hún á erfitt uppdráttar í heimalandinu og því mikilvægt fyrir hana að fá að vera áfram hér á landi.

Konan var blekkð við komu sína til landsins. Hún hefur leyfi til að vera hér á landi á grundvelli hjónabandsins og því erfitt fyrir hana að losna undan aðstæðum sem eiginmaðurinn og fjölskylda hans notfærir sér til að hagnast á henni. Þar sem fjölskyldan þekkir heimahaga konunnar er misnotkunin einnig fólgin í þeirri vitneskju að fórnarlambið hefur ekki færi á að flytjast aftur til síns heima. (bls. 34-35)

Þessi vesalings kona er greinilega föst í hræðilegri klemmu. Það er algengt víða um heim að hjónabönd séu ákveðin af foreldrum hjónanna, og því ekkert sem tryggir að ást ríki milli þeirra. Þau skilja og hún er ein eftir með barn þeirra. Hún vill ekki fara til heimalandsins aftur þar sem skömm hvílir á einstæðum mæðrum. Þetta er vandamál sem stafar af menningarlegum hugmyndum víða um heim. Hvort þessi frásögn geti talist til mansals er annað mál... nema í þeirri útvötnuðu túlkun á hugtakinu sem virðist vera farið að nota.

Skýrsluhöfundur er samur við sig, í ákafa til að finna fórnarlömb mansals hér á Íslandi, og er farinn að túlka frásögnina þannig að konan hafi verið „blekkð við komu sína til landsins“. Í frásögninni er ekkert sem bendir til að hún hafi ekki vitað að foreldrar sínir hafi valið fyrir hana eiginmann á Íslandi, og að hún hafi átt að búa með honum. Það er erfitt að tala um blekkingu í sambandi við skilnaðinn, eða aðstæður hennar eftir hann, þar sem við komu hafa væntanlega engir vitað um komandi skilnað.

Einnig er talað um að eiginmaðurinn og fjölskylda hans notfæri konuna og hagnist á henni, þar sem hún býr hjá foreldrunum og vinnur fyrir þau (það kemur ekki fram hvort það sé við fyrirtæki eða við þrif, matseld og slíkt á heimilinu). Ef vilji væri fyrir hendi væri hægt að túlka frásögnina á annan hátt, og gera alla fórnarlömb þeirrar menningar sem fólkið kemur frá. Þá væri sagt að allir hefðu lent í hræðilegum vandræðum þegar hjónin skilja. Skilnaður hlýtur að teljast líklegri þar sem fer hjónaband ókunnugra, og annar aðilinn (maðurinn í þessu tilviki) elst upp í menningu þar sem telst sjálfsagt að losa sig úr svoleiðis með því að skilja. Konan er hér og verður að búa einhvers staðar. Ekki hjá manningu, því hann býr með nýrri konu. Þá taka foreldrar hans hana til sín. Síðan ílengist hún.

En maður veit ekki hvor skýringin sé líklegri, eða einhver allt önnur. Hins vegar vefjast slík óvissuatríði ekki fyrir höfundi skýrslunar: Hér er mansal!

9. Sagt upp af vini barnsföður

Ung kona leitaði sér aðstoðar eftir nokkurra ára dvöl í landinu. Hún kemur frá landi utan Evrópu og hefur að því virðist verið keypt af íslenskum karlmanni. Þau eignast saman barn sem hann er einn með forsjá yfir. Konan var að vinna fyrir vin mannsins sem gerði henni ljóst að ef hún færi ekki eftir vilja barnsföður síns myndi hún missa starfið. Hún fór að vinna í sínum málum og var sagt upp. Hún er ekki með búsetuleyfi og er því í stöðugri hættu að vera vísað úr landi.

Hér er mikill aðstöðumunur á fórnarlambi annars vegar og geranda hins vegar. Konan kemur hingað mjög ung og hefur ekki fengið leyfi til dvalar í landinu. Hún virðist hafa verið blekkð til að afsala sér forræði yfir barni sínu. Þar sem hún er leyfislaus í landinu hefur hún enga möguleika á að framfleyta sér á löglegan hátt eftir að hún missti vinnuna. (bls. 35)

Þetta er allt með miklum ólíkindum. „Að því er virðist“ var hún keypt af íslenskum karlmanni. Í fyrsta lagi er ekki sagt hvað felist í því að hann hafi keypt hana; fór hann með peninga og borgaði fyrir hana? Er hægt að bera fram svo alvarlegan hlut í fræðitexta að manneskja hafi verið keypt án þess að

skýra það nánar? Tala nú ekki um þegar aðeins eitt bendir til að svo sé raunin: Einhver, sem maður veit ekki hver er, segir að hún hafi „að því [að] virðist“ verið keypt.

Annað sem kemur á óvart, og bendir til að eitthvað sé undarlegt við frásögnina, er að þau eiga saman barn en að hann einn hafi forsjá yfir því. Nú er íslenskt réttarkerfi þannig að það þarf eitthvað verulegt að koma til til að kona missi forræði yfir barni sínu. En slíkt vefst ekki fyrir skýrsluhöfundi: Konan „virðist hafa verið blekkð til að afsala sér forræði yfir barni sínu“! Það kemur ekki neitt slíkt fram í frásögninni.

10. Ofbeldisfullur eiginmaður

Kona hitti Íslending í heimalandi sínu. Hann kvaddist vera í góðri stöðu og hafði fögur orð um hvernig líf hennar mundi verða betra á Íslandi. Hún ákveður að giftast honum og flytur til Íslands. Í fyrstu kemur hann fram við hana af virðingu en þegar líða tekur á dvöl hennar verður hann drykkfellður og stjórnsamur og síðar mjög ofbeldisfullur. Konan þurfti að sjá um veikt barn hans og var mjög einangruð. Hann skipti oft um búsetu, jafnvel milli landshluta, sem gerði konunni erfitt að brjótast úr einangrun sinni. Hann hélt að henni röngum upplýsingum með því að segja að hún hefði ekki leyfi til að vinna utan heimilis. Einnig taldi hann henni trú um að færi hún frá honum yrði hún að yfirgefa landið.

Hér er um blekkingu að ræða á nokkrum sviðum. Í fyrsta lagi kemur konan hingað á fölskum forsendum þar sem eiginmaðurinn hefur sagt ósatt um hvað biði hennar við komuna til landsins. Í öðru lagi heldur hann henni í slæmri aðstöðu með því að halda að henni röngum upplýsingum; að hún geti ekki unnið fyrir sér og geti ekki yfirgefið hann. Í þriðja lagi gerir hann henni mjög erfitt fyrir að fóta sig í landinu þar sem hún býr stutt á hverjum stað og því erfitt fyrir hana að ná einhverri fótfestu eða mynda tengsl við annað fólk sem hugsanlega gæti veitt henni réttar upplýsingar. (bls. 35)

Hér er annað dæmi um það hvernig þessi rannsókn er fremur athugun á slæmum heimilisaðstæðum innflytjenda á Íslandi en mansali. Þetta með blekkinguna í upphafi er ansi hæpið, eins og í sambandi við dæmi nr. 8, þar

sem fram kemur að í upphafi hafi allt gengið vel. Síðan hallar hann sér að flöskunni og fer að berja hana. Auðvitað er það óásætlanlegt heimilis- ofbeldi. En er það mansal? Mikilvæga spurningin, sem skýrsluhöfundur veltir ekki fyrir sér, er ef það er búíð að teygja hugtakið mansal svoleiðis að það eigi við um heimilisofbeldi, sem því miður er of algengt, hvers vegna telst það ekki mansal ef það er í alíslenskum fjölskyldum? Ef eini munurinn er þjóðerni þolanda, réttlætir það að hér sé talað um mansal en ekki þar?

11. Kona fær ekki launin sín, tekst ekki að losna úr hjónabandinu

„Konan var að vinna úti en öll launin voru greidd beint inn á reikninginn [eiginmanns hennar]. Karlinn er alltaf af flytja, konan þekkir engan, hún fer frá honum, hún veit ekki hvar hún er þar sem hún hefur nánast ekki farið út úr húsi nema þegar eiginmaðurinn hefur keyrt hana til og frá vinnu. Hún var með ungt barn sitt með sér á flóttanum. Hún gekk mjög langa leið [...] og hringdi svo til ættingja mannsins, sem var eina manneskjan sem hún þekkti, og bað hann að hjálpa sér. En það sem hann gerði var að hringja í karlinn og hann kom og sótti hana aftur. Hún mátti ekki fara út úr húsinu, mátti bara vera heima.“

Skýrsluhöfundur:

Kona hafði unnið launaða vinnu utan heimilis en launin rötudu aldrei í hennar hendur. Í þessu dæmi er frelsissviptingin mjög skýr og ágóði gerandans afgerandi þar sem hann fær öll þau laun sem konan vinnur sér inn. Henni er haldið í þeim aðstæðum sem hún er í vegna skorts á tengslum við aðra en gerandann og fólk honum tengt. Hún vill síður snúa til upprunalsins þar sem möguleikar hennar eru mjög takmarkaðir þar vegna fátæktar.(35-36)

Konan býr við slæmar aðstæður, er illa gift. En er um mansal að ræða? Það sem kemur fram er að hún fer nánast ekki úr húsi nema þegar hún fer í vinnuna, hún fær ekki peningana fyrir vinnuna, reynir að komast burt úr hjónabandinu en getur það ekki vegna þess að hún þekkir engann.

Er hér ekki enn eitt dæmið um slæmar fjölskylduáðstæður innflytenda

frekar en um mansal? Það kemur ekkert fram um að hún hafi komið hingað vegna blekkinga eða ofbeldis. Hins vegar er sagt (að vísu aðeins í athugasemdum skýrsluhöfundar) að hún gæti farið heim til upprunalsins ef hún vildi; henni er ekki haldið fanginni.

12. Menn fá örlúttinn hluta launa sinna

„Það var kona [...] sem var með menn í vinnu frá sínu heimalandi. Hún borgaði þeim 30 þúsund krónur í laun á mánuði og rukkadi þá um 26 þúsund krónur í húsaleigu þar sem þeir bjuggu átta eða tíu saman. Hún var með atvinnuleyfi þeirra í vasanum þannig að þeir þorðu ekki að gera neitt. Hún hótaði þeim að þeir yrðu reknir úr landi ef þeir gerðu ekki eins og hún sagði.“

Skýrsluhöfundur:

Vinnuveitandi heldur að fórnarlömbunum röngum upplýsingum, hirðir nánast öll laun þeirra og heldur þeim í slæmum aðstæðum með hótunum um brottrekstur.

Enn einu sinni virðist vera ýkjur í skýrslunni sem leika trúverðuleika þessara upplýsinga illa: Þeir fengu aðeins fjögur þúsund í laun á mánuði, hvers vegna í ósköpunum vildu þeir dvelja hér áfram við ill kjör? Hefðu þeir ekki haft það miklu betra en þetta ef þeir hefðu misst atvinnuleyfið og farið heim?

13. Maður „flytur stúlkur inn“ og þær vinna fyrir hann á öllum tímum

„Ég man á sínum tíma þegar ég kom nálægt þessu þá var [maður] talinn standa fyrir innflutningi á stúlkum frá Austurlöndum fjær. Hann útvegaði þeim síðan vinnu við heimilishjálp en á móti hafði hann aðgengi að þeim til þess að vinna fyrir sig í veislum og svona. Kauplaust og það allt saman.“

Skýrsluhöfundur:

Hér er um skiplagðan innflutning að ræða. Einstaklingur hefur milligöngu um innflutning og ráðningu á fólki. Á móti þarf manneskjan sem hann flutti inn að starfa kauplaust hvenær sem gerandanum hentar.

Enn einu sinni það sama: Einhver „man“ eftir því að fyrir löngu hafi maður verið „talinn standa fyrir innflutningi“ á stúlkum. Þetta er ekki skýrt nánar. Það hefði þó verið

nauðsynlegt því að veruleikinn getur verið mjög margvíslegur, allt frá ofbeldi til þess að maðurinn hafi hjálpað þeim að komast hingað og þær standi í þakkaskuld við hann.

Hvað þýðir, svo dæmi sé tekið, að hann hafi flutt konurnar inn? Hjálpaði hann þeim að fá leyfi fyrir að koma til Íslands (þetta virðist allt hafa verið löglegt)? Borgaði hann ferðina fyrir þær (oft eru innflytjendur fátækir og ekki síst þeir sem koma frá fátækum löndum)? Hversu margar voru þær?

Í sannleika sagt veit maður ekki hvað er rétt. Hins vegar væri auðvelt að búa til túlkun á frásögninni sem væri miklu saklausari, og sem kæmi mansali ekkert við: Þetta er Íslendingur sem þekkir til fólks frá fátæku landi (hefur kannski gifst konu frá Filippseyjum eða Taílandi). Vegna fátæktar vill fleira fólk koma og hann aðstoðar það, bæði með að fá leyfi og með að borga ferðina (lána fólkinu þangað til það getur borgað). Vegna þessa stendur það í þakkarskuld og vinnur fyrir hann „kauplaust“.

Ög aftur dæmi um hugmyndaflug rannsakandans: Þar sem heimildarmaður segir að maðurinn hafi haft „aðgengi að þeim til að vinna fyrir sig í veislum og svona“, þá er bætt við, út í bláinn að því er virðist, að það hafi verið „hvenær sem gerandanum hentar“.

14. Fá ekki eðlileg laun (m.v. íslenska taxta)

Erlent verktakafyrirtæki sem var með starfsemi hér á landi varð uppvíst að því að greiða starfsfólki sínu, sem var frá sama landi og stjórnendur fyrirtækisins, dagvinnutekjur upp á 27 þúsund króna á mánuði og mjög takmarkað fyrir yfirvinnu þó að vinnudagurinn hafi verið afar langur. Þegar haft var samband við fyrirtækið og það látið svara fyrir áskanirnar var viðmótið mjög hortugt og stuttu síðar fóru forsvarsmennirnir úr landi.

Í þessu dæmi sér erlent fyrirtæki um innflutning á erlendu vinnuafla til landsins. Fyrirtækið greiddi laun sem voru langt undir launatöxtum. Samkvæmt viðmælandanum var sannað að um lögbrot var að ræða. Þegar haft var samband við gerandann flutti hann úr landi og því illgerlegt að leggja kærur á hendur honum nema þá helst

með samvinnu við yfirvöld í viðkomandi landi. (bls. 36-37)

Engar upplýsingar utan það sem þegar hefur komið fram. Er um að ræða blekkingar, svik, ofbeldi? Er einhver neyddur til einhvers...?

Í raun virðist hér vera um þá túlkun að ræða að manneskja er fórnarlamb mansals vegna þess að vinnulöggjöfin er brotin á henni.

15. Hjónaskilnaður, innflytjandinn stendur eftir með skuldir hjónanna

„Ung kona frá [fátæku ríki] kynnist íslenskum manni. En svo kemur á daginn að hann segir henni ósatt um aðstæður sínar. Síðar eiga þau í forsjárdeilu vegna barns og það er gert sálfræðimat [í því málaferli] þar sem kemur fram hvernig hann sagðist hafa getað boðið henni betra líf hér á landi. Hann segist eiga eignir en hann á engar eignir. Hann á bara skuldir og heldur henni utan við fjárhaglega stöðu þeirra og svo skrifar hún undir alls konar skuldaviðurkenningar. [...] Hún áttar sig ekkert á hver staða hennar er. Hún situr eftir með miklar ábyrgðir, skrifar til dæmis undir skuldabréf út af bíl. Hún tekur lán en hún er ekki eigandi að bílnum. Þetta gerir hún að hans beiðni og hann segir henni að þetta sé allt í lagi. Á ensku er talað um sexually transmitted disease. Þetta er svona financially transmitted disease.“

Skýrsluhöfundur:

Gerandinn er íslenskur og kynnist erlendri konu sem flytur hingað vegna sambands við hann. Hann blekkir hana um hagi sína og með blekkingum eignast hann eignir í hennar nafni. Með þeim blekkingum tekst honum að festa fórnarlambið í skuldaánað vegna eigna sem eru aðeins hans en það aftrar því að hún komist úr aðstæðunum. (bls. 37)

Slæmar heimilisaðstæður, óheiðarleiki, skilnaður, forsjárdeila, hún stendur uppi með skuldir. En er þetta mansal? Manni virðist ekki.

Í þessu dæmi er áhugaverð túlkun skýrsluhöfundar. Hann segir að konan skuldi svo mikið að hún komist ekki úr aðstæðunum. Hins vegar kemur fram að hún hefur einmitt getað skilið við karlinn (þau standa í forsjárdeilu).

16. Valdbeiting, misnotkun á yfirburðastöðu

„Við höfum fengið konur hingað sem að hittu mann þegar hann var á ferð í heimalandi þeirra og þær vita að þær eru eitt tvö eða þrjú í röðinni. Hann sem sagt kynnist mörgum konum á ferðalagi sínu til landsins og tekur eina þeirra með sér og hinar eru í bið. Og svo koma þær ein af annarri. Við vitum alveg að þannig karlar eru hérna. Þeir koma því gjarnan þannig fyrir að engin kvennanna dvelur hér svo lengi að hún fái dvalarleyfi eftir að hann er búinn að hrekja hana frá sér. Þannig að þær enda á að fara aftur til heimalandsins. Þeir verða mjög ósattir ef konunni tekst að fá dvalarleyfi í landinu. Það gerist kannski að þær hafa verið með börn [...] og fá því að vera áfram. Hann fær alltaf leyfi til að giftast annarri konu þrátt fyrir að hafa misnotað fyrri konur sínar.“

Skýrsluhöfundur:

Hér er um að ræða endurtekin brot geranda sem notfærir sér bágar aðstæður einstaklinga og mjög skipulagt ferli þó að ekki sé um tengsl við skipulagða hópa brotamanna að ræða. Aðstöðumunur geranda og fórnarlamb er mikill. Í fyrstu virðist hann heillandi, eflaust í þeim tilgangi að fá þær til að fara með sér til Íslands og hrekur þær síðan úr landi til að geta fengið sér nýja eiginkonu. Hann notar ofbeldi til að koma fram vilja sínum og kemur málum í þann farveg að konan neyðist til að fara úr landi aftur. Óvíst er nákvæmlega hvaða aðferðum hann beitir utan þess að nota ofbeldi sem kúgunartæki. (bls. 37)

Hér er á ferð óljósar sögur um leiðindakarla sem hitta konur í útlöndum og eru með þeim í stuttan tíma – en þó það langan að í sumum tilfellum fá konurnar dvalarleyfi í landinu (og til þess þarf að hafa búið hér árum saman). Hversu margt íslenskt fólk byrjar með einhverjum og það varir aðeins í nokkur ár? Og þá er ekki talað um mansal, enda væri það fátíðlegt. Maður á erfitt með að sjá að það sé skynsamlegra í þessu tilfelli.

SAMANTEKT ÚR DÆMUNUM

Margt vekur athygli varðandi dæmin sem skoðuð hafa verið. Í fyrsta lagi

fjöldi þeirra. Þau eru 16 en talað var við 19 einstaklinga. Það þýðir að það eru að minnsta kosti þrjú sem hafa komið með frásögn sem ekki er vitnað til. Áhugavert hefði verið að vita ástæðu þessa.

Í öðru lagi veit maður ekki hvers vegna höfundur velur þessar frásagnir en ekki aðrar. Sagt er að þetta sé lýsing „á nokkrum af þeim mansalstilfellum sem upp hafa komið á Íslandi.“ (bls. 30) Síðan er bætt við að þetta sé „ekki endanleg upptalning á málum sem komið hafa upp; önnur svipuð mál væri hægt að nefna.“ (bls. 38) Maður freistast til að halda að þau sem voru ekki nefnd, séu dæmi um mansal sem eru enn óljósari en þessi sem birt eru (birtir maður ekki bestu bitana?). Einnig er áhælisvert við þessa kynningu að fjöldi dæma sem unnið var með er ekki gefinn. Vantar aðeins þrjár frásagnir eða eru þær miklu fleiri?

Athyglisverðast við dæmin er einmitt hversu óljóst það er að um mansal sé að ræða í flestum þeirra. Einnig er eftirtektarvert að fjöldi fórnarlamba sem kemur fram í dæmunum er mjög ólíkur þeim sem er gefinn upp í niðurstöðum skýrslunnar.

MANSAL EÐA EKKI MANSAL

Í dæmunum eru aðeins tveir einstaklingar sem maður mundi álíta fórnarlömb mansals. Það eru konurnar sem voru seldar í vændi af eiginmönnum sínum (dæmi 2). Þrjú önnur dæmi væru á mörkum þess að teljast mansal. Það er gamla konan sem bjó hjá ættingja sínum, og vann fyrir hann án þess að fá laun greidd (dæmi 7). Konan sem losnar ekki frá eiginmanninum, sem hirðir öll laun hennar (dæmi 11). Loks konan sem var gift hingað af foreldrum sínum, skildi og býr nú hjá fyrrum tengdarforeldrum (dæmi 8).

Önnur dæmi er mjög erfitt að telja sem mansal. Það er kona sem vinnur hér fyrir sér sem strippari (dæmi 1), kona sem vinnur sem heimilishjálpar og uppvartar party (dæmi 5), nokkur dæmi um hjónabönd sem hafa farið í súginn, með tilheyrandi erfiðleikum (dæmi 9, 10, 15). Eitt dæmi um slæm hjónabönd, þar sem konur verða að sjá eiginmönnum fyrir kynlífi án þess að spurt sé að vilja þeirra (dæmi 4). Þrjú dæmi eru um fólk sem hefur komið til Íslands á vegum verktakafyrirtækis, sem hefur ekki greitt laun eins og eðlilegt væri,

eða samkvæmt íslenskum lögum (dæmi 3, 12, 14). Til er talið óljóst dæmi af manni sem á að hafa flutt konur inn og síðan vinni þær fyrir hann eins og honum þóknast (dæmi 13). Stuttar sambúðir Íslendinga með útlendingum eru nefndar (dæmi 16). Loks er kjaftasaga um konur sem eiga að stunda vandi á hótélherbergjum, hugsanlega á vegum glæpahringja þó ekkert bendi til þess að svo sé (dæmi 6).

FJÖLDI FÓRNARLAMBA

Sá fjöldi sem finnst af dæmunum, frá tveimur upp í fimm, er mjög frábrugðinn þeim 59 til 128 fórnarlömbum mansals sem talinn var til í skýrslunni. (bls. 57) Þetta stafar af tvennu. Í fyrsta lagi því hvernig hugtakið mansal hefur verið víkkað út þannig að það umlykur meira en grófustu mynd mansals. Í öðru lagi er skilgreiningin notuð mjög lauslega í þessari skýrslu og talin til dæmi sem er langt frá víst að falli að skilgreiningunni um mansal.

Af 16 dæmum um mansal er talað um óþekktan fjölda („konur“ eða „karlar“) í sjö. Það eru engar upplýsingar gefnar um það hvernig höfundur hefur metið fjöldann í þeim – sem hann þó hefur gert, þar sem heildarfjöldi fórnarlamba er gefinn.

Í hinum nýu dæmum eru taldir til 10 einstaklingar. Þannig að 49 af lágmarkinu falla í þennan óljósa hóp sem lesandi fær ekki að vita um. eru konurnar sem eiga að sjá eiginmönnum fyrir kynlífi tvær eða 10 (dæmi 4)? eru starfsmenn við verktafyrirtæki 20 eða 100? Vændiskonurnar á hótélunum, eru þær 10 eða 20?

FÓRNARLÖMB Í KYNLÍFSSTARFSEMI

Í niðurstöðum skýrslunnar er greint frá því að í rannsókninni hafi fundist 18 tilfelli skipulagðrar kynlífsstarfsemi. (bls. 62) Þrátt fyrir það fer lítið fyrir dæmum í skýrslunni um slíkt (fyrir utan óljósan orðróm um konur sem ættu að starfa sem vændiskonur á hótélum og gætu verið á vegum glæpahringja, því „ekki [er] útilokað að þeim sé fylgt“ þó „þær virðist vera einar á ferð“ (dæmi 6)). Dæmi sem tengjast kynlífi eru tvær eiginkonur sem eru blekkar til að starfa sem vændiskonur af eiginmönnum sínum (dæmi 2), kona sem starfar sem nektardansmæ (dæmi

1) og óljós fjöldi kvenna sem eru illa giftar og eiga að sjá eiginmönnum sínum fyrir kynlífi eftir vilja karlanna (dæmi 4).

Því eru aðeins þrjú tilfelli sem tengjast kynlífsstarfsemi, í venjulegri merkingu þess orðs (stripparinn og konurnar sem eru blekkar af eiginmönnum sínum til að starfa sem vændiskonur).

Ansi langt frá þeim 18 sem nefnd eru.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður skýrslunnar, að á Íslandi hafi verið á milli 59 og 128 fórnarlamba mansals á árunum 2006-2008¹⁰, virðast ansi hæpnar. Einnig má draga í efa þá fullyrðingu að 18 fórnarlömb mansals hafi verið í tengslum við skipulagða kynlífsstarfsemi hér á landi á umræddu tímabili. Hið rétta er að fórnarlömb mansals er sennilegast hægt að telja á fingrum annarar handar. Fórnarlömb í tengslum við skipulagða kynlífsstarfsemi eru sennilega þrjú (vandi talið með).

Ástæðan fyrir því að niðurstöður skýrslunnar eru svo langt frá því sem niðurstöður rannsókna höfundar gefa til kynna virðist liggja í tvennu. Í fyrsta lagi eru skilgreiningar óljósar og hafa þróast á undarlegan máta. Í öðru lagi virðist höfundur nota skilgreiningarnar undarlega og teygja þær og toga til að láta þær ná til sem flestra dæma.

Þar sem upphaflega hugmyndin um mansal er lík því sem nefnt er í upphafi þessarar greinar – stúlka flutt til fjarlægs lands og neydd til að stunda vandi – er nú komin skilgreining sem er miklu víðtækari. Í raun nær hugtakið um mansal yfir alla þá sem starfa utan við vinnulöggjöfina; „mansal á við þegar einstaklingur gegnir starfi sem fellur ekki undir lög um launþega.“ (bls. 13) En í skýrslunni er alls ekki fjallað um alla þá sem nýja skilgreiningin tekur til, heldur aðeins aðeins þá inn-

¹⁰ Tímabilið sem skoðað var er nokkuð óljóst. Það er sagt: „Í skýrslunni eru rakin sextán mansalsmál sem upp hafa komið hér á landi á undanförunum árum... Í viðtölunum komu fram mál 59 einstaklinga sem eru þolendur mansals og hafa leitað sér aðstoðar hér á landi á síðustu þremur árum.“ (bls. 62) Skýrslan kom út um mitt ár 2009, þannig að ætla mátti að við sé átt árin 2006-8, eða kannski júlí 2006-júní 2008.

flytjendur sem teljast til þess hóps. Ekki Íslendinga¹¹.

Í annan stað telur höfundur sem fórnarlömb mansals, ýmsa þá sem hugtakið tekur ekki til. Þarna er strippari, sem vill vinna fyrir sér með nektardansi, konur sem eru illa giftar, konur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi og konur sem búa í stuttri sambúð með Íslendingum.

Í þriðja lagi er nokkuð sem er ótrúlegt að sjá í fræðilegum texta: Kjaftasögur og óljós orðrómur, þar sem talað er um vændiskonur á hótélum, konur sem hafa verið „keyptar“, og aðrar „innfluttar“, til landsins. Þetta er notað til að draga mikilvægar ályktanir.

Þrátt fyrir þessa galla, og raunar vegna þeirra líka, er ýmislegt áhugavert við skýrsluna.

Í fyrsta lagi sýna dæmin í henni að mansal á Íslandi er mjög sjaldgæft. Aðeins nokkur í hópi innflytjenda á Íslandi sem telur þúsundir.

Í öðru lagi er áhugavert að henni skuli hafa verið tekið með slíkri hrifningu og gagnrýnisleysi og raun ber vitni, þrátt fyrir að gallarnir við hana séu augljósir.

Í þriðja lagi er áhugavert að svo margir skulu hafa komið nálægt svona illa gerðri rannsókn. Þarna er undirstofnun Háskóla Íslands (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum) og forstöðumaður hennar, pófessor í félagsfræði og afbrotufræðingur.

Loks er eftirtektarvert að Rauði kross Íslands borgi fyrir svona. Fólk gefur til hans til að hjálpa sjúkum og fátækum. En svo er peningum varið í svona félagsfræðirannsóknir.

HEIMILDASKRÁ

Fríða Rós Valdimarsdóttir (ritstj. Irma Erlingsdóttir): *Líka á Íslandi. Rannsókn á eðli og umfangi mansals*, Rauði kross Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, útgáfustaðar ekki getið, ártals ekki getið (en skýrslan var gefin út 2009).

Sólveig Ólafsdóttir: „Mansalsskýrslan mikilvæg í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi“, Morgunblaðið, 10. desember 2009.

¹¹ Þ.e. þá sem eru fæddir Íslendingar.